
í Bandaríkjunum mundu þá að líkindum snúa sér í meiri mæli aftur að Suðaustur-Asíu.

Tölur frá thailenskum yfirvöldum (birtar, áður en byltingin var gerð núna í síðustu viku) gefa hrikalega mynd af þessum viðskiptum. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs komst thailenska lögreglan yfir 7,7 smálestir af eiturlyfjum, á móts við aðeins 4,6 smálestir á öllu árinu 1975.

Hert eftirlit er ekki skýringin á því, hversu lögreglunni hefur orðið meira ágengt þetta árið. Það er einfaldlega mikið meira af eiturlyfjum í umferð.

Embættismenn í Thailandi eiga við ýmsa örðugleika að etja við löggæsluna. Hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir, spilling í embættismannastéttinni og skortur á samvinnu á milli embætta. Mikil brögð eru að því, að saksóknarar sleppi eiturlyfjasmyglurum, sem liggja undir grun, vegna skorts á sönnunum, rétt á meðan lögreglan er að safna gögnum á hendur þeim.




Samstarf við lögregluyfirvöld annarra ríkja er heldur ekki nógu náið, sem er þó afar mikilvægt, þar sem fjölgandi fer vesturlandabúum í hópi smyglaranna. Flestir smyglaranna eru þó kinverjar frá Thailandi, Hong Kong eða Malasíu, sem sumir hverjir ferðast um á fölskum ferðabréfum.

Umferðaræð þessara eiturlyfja liggur mest megnis í litlum fiskibátum, sem smygla þeim til Hong Kong, Singapore eða annarra stórra verslunarborga, þar sem flug- og skipaumferð er mikil.

Gullni þríhyrningurinn í Suðaustur-Asíu, eins og það landsvæði er fjarnan kallað, þar sem ópíumræktunin fer að mestu fram, liggur í fjalllendi, þar sem eftirliti verður naumast viðkomið á öllum þeim leynistigum fjallaræningja fyrri ára, sem íbúarnir þekkja betur en evrópumaðurinn vasann sinn. En brugðið hefur verið á annað ráð. Sameinuðu þjóðirnar og Bandaríkin hafa lagt fram fjögurra ára áætlun, sem miðar að því að styrkja þá 300.000 íbúa, sem þarna lifa, til ræktunar á kaffi, ertum, plómum og öðrum ávöxtum í stað ópíumvalmúans.

Þeirri áætlun hefur á þessu stigi málsins lítt miðað áfram. Einungis um 1,000 fjallabændur hafa tekið upp þessar nýju ræktunaraðferðir. En það er þó spor í rétta átt og vekur með mönnum bjartsyni um, þarna kunni að leynast lausn.



Harðar myndir

Myndlist




— Sýning Harðar Ágústssonar að Kjarvalsstöðum


Einar Hákonarson skrifar


Víst er um það, að harðsoðnari sýning en sú, sem nú hefur hangið uppi á Kjarvalsstöðum um skeið, hefur tæplega sést þar. Höfundur hennar er Hörður Ágústsson fyrrverandi skólastjóri Myndlista- og handíðaskóla Íslands, mikill áhugamaður um íslenska byggingarsögu og rannsóknarmaður í listum. Hörður hefur kennt form og litfræði um árabil. Sýningin ber sterkan keim af því, leitast er við að setja hlutina upp í kerfi, frumformin, hringur, ferhryningur og þríhryningur eru notuð svo til einvörðungu.


Sú aðferð listamannsins að nota mislit limbönd takmarkast við þann litaskala, sem til eru á markaðnum hverju sinni. Það gerir einhæfa litameðferð í verkunum. Þar sem hann heldur sig einvörðungu við svart og hvítt, er árangurinn mun betri, teikningar og foto-grafík falla undir það einnig. Hörður kallar sýninguna „Úr lit og formsmiðju 1953-1976". Ekki ber að efa að hann á svissneska listamanninum Diter Rot sem starfaði hér á landi fyrir nokkrum árum mikið að þakka. Hinar heimsfrægu bækur Rots, þar sem tilraunir með frumformin eru gegnum gangandi eiga sér stað í grunnhugsun þessara




Hörður Ágústsson.









mynda. Formhreinsunarmennirnir í þýska listaskólanum Bauhaus hafa og haft áhrif á skólamanninn Hörð Ágústsson og er það vel, sem kemur ágætlega fram í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Bauhausskólinn hafði geysileg áhrif á listaskóla og listiðnað um allan heim, en þau gildi virðast nú nokkuð á undanhaldi vegna tiskustefna í listum.

Myndir af þessu tagi eru fyrst og fremst árangur rökrænnar formhugsunar. Tilfinningaspursmál eiga þar ekki heima. Ég er hræddur um að efnið eigi einhvern þátt í að þær virka kaldar og harðar. Sem undirstöðuhlutir í listum fer ekki á milli mála kennslulegt gildi þeirra. Formáli Einars Braga er allvel kryddaður eins og t.d. „hann er t.d. einn besti teiknari á Íslandi", „að myndirnar sex um mannssoninn á sýningu Harðar í Norræna húsinu 1975 séu meðal þeirra stórvirkja íslenska oliumálverksins sem æ mun standa", og „en mestur fögnuður er að sýningunni vegna þess að hér leggur mikill listamaður fyrir sitt fólk svo stórbrotna niðurstöðu af ársstarfi við aflinn, að frá þeim degi er þjóðin hlutgengur aðili að merkum þætti í evrópskri myndlistarþróun á þessari öld".

Ég vona bara að Hörður Ágústsson sé heill í baki til að standa undir slíkum fullyrðingum.

„Núverandi ástand getur haft alvarlegar afleiðingar"

— Rætt við Þorvald Garðar Kristjánsson, formann Orkuráðs um skipulag orkuiðnaðarins

Það er augljóslega mikils virði fyrir orkuiðnaðinn í landinu að skipulag hans verði eins og best sé á kosið. Í hinum miklu og fjölskrúðugu umræðum sem hafa verið um orkumálin hefur einmitt verið drepið á þau atriði.

Auðvitað sýnist sitt hverjum. En til þess að forvitnast um hvers mætti vænta í þessum málum á næstunni ræddi Vísir við Þorvald Garðar Kristjánsson alþingismann og formann Orkuráðs ríkisins um skipulag orkuiðnaðarins.

„Það er rétt að gera greinarmun á, annars vegar því sem varðar könnun orkulinda og hins vegar uppbyggingu, eignaraðild og rekstri orkufyrirtækjanna.

Hvað hið fyrra varðar, er það samkvæmt lögum hlutverk Orkustofnunar að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindunum. Bæði eðli þeirra og möguleikum til hagnýtingar. Þetta er að sjálfsögðu þýðingarmikið atriði og eðlilegast að það sé í höndum eins aðila eins og lögin gera ráð fyrir.

Í framkvæmd hefur þetta orðið á annan veg. Þess vegna má segja að fleiri aðilar en Orkustofnun hafi látið til sín taka forrannsókn í orkumálunum. Þessu ástandi fylgir auðvitað að það getur verið að fleiri en einn aðili sé að vinna að sömu rannsókn, eða athugunum. Það liggur í augum uppi að slíkt getur verið afar óhagkvæmt, sé um tvíverknað að ræða.

Með þessu á ég við að RARIK og Landsvirkjun ættu ekki að vinna að yfirlitsrannsóknum. Hins vegar þyrfti að efla Orkustofnun með því að setja yfir hana þingkjörna stjórn.

— Getur haft alvarlegar afleiðingar

En svo alvarlegt sem þetta er, er hitt alvarlegra að þegar svona er haldið á málum getur það haft alvarlegar afleiðingar. Bæði í sambandi við ákvarðanatöku um virkjanir og einnig byggingu orkumannvirkja.

Þetta getur haft þær afleiðingar að það sem gert sé ráðist af því hvar forgangsrannsóknum er lengst komið. Þannig að sá hraði sem oft er í þessum efnum hjá okkur vegna hinnar miklu þarfar á aukinni orku valdi því að ákvörðun sé tekin um að byggja orkumannvirki sem væru ekki hagkvæm og hefði ekki verið ráðist í ef nægilegt yfirlit og samræmi ríkti.

Dreifing áhættunnar

Allar stærstu vatnsvirkjanir landsins eru á hinu eldvirka svæði. Það gefur augaleið hver hætta getur verið því samfara.

Ýmsar eðlilegar ástæður hafa legið til þessarar þróunar. Hins vegar getur maður ekki varist þeirri hugsun að einnig hafi komið til sú staðreynd að rannsóknir á þessu svæði hafi verið komnar lengra en víðast annars staðar á landinu. Og að það hafi valdið því að virkjun hefði ekki verið reist á öðrum stöðum sem þó hefðu getað þolað samanburð við þá staði sem fyrir valinu hafa orðið.

Í þessum efnum er það spurning um að dreifa áhættunni, enda mikil og dýr mannvirki í húfi. Þetta er því augljóslega stórmál."

Ólíkar hugmyndir um eignaraðild

— Varðandi eignaraðild, rekstur og uppbyggingu raforkufyrirtækja sagði Þorvaldur Garðar.

„Flestir eru sammála um að það þyrfti að breyta þessum málum frá því sem þau eru nú, en hins vegar greinir menn á um hvernig beri að haga þeirri breytingu.

Annars vegar eru þeir sem leggja áherslu á að hafa orkuiðnaðinn algjörlega undir stjórn ríkisins í einu eða öðru formi.

Hins vegar eru menn sem vilja dreifa valdinu á þessu sviði. Á því sjónarmiði byggjast hugmyndir um svo kölluð landshlutafyrirtæki er annist framleiðslu og dreifingu orkunnar, þar sem farið væri eftir landfræðilegum og stjórnfræðilegum mörkum, svo sem kjördæmum. Þá er gert ráð fyrir að um sé að ræða sameign ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.

Sveitarfélög og rafveitur vilja valddreifingu

Þessar síðartöldu hugmyndir eru í samræmi við stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Einnig var þessi stefna mörkuð á ráðstefnu er Samband íslenskra rafveitna hélt árið 1972. Þar er gert ráð fyrir landshlutafyrirtækjum í raforkuframleiðslunni.

Nú er verið að vinna að því að koma þessu skipulagi á. Til þess skipaði iðnaðarráðherra orkunefndir í hinum einstöku landshlutum til að gera tillögur.

Í mars skilaði orkunefnd vestfjarða áliti og hafa þegar verið sett lög um Orkubú vestfjarða.